

Kirkjuþing 2020-2021.

47. mál-þskj. 92

T I L L A G A

til þingsályktunar um breytingu á heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði breytt í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar.

Greinargerð.

Fjölskylduþjónusta er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar. Hugtakið sálgæsla hefur víðari skírskotun til þjónustu en hugtakið fjölskylduþjónusta. Mikilvægt er því að áhersla sé lögð á það hugtak því fólk tengir það við þjónustu vegna sorgar, missis, veikinda og annarra áfalla sem fólk tekst á við í lífinu.

Kirkjunni er hugtakið „sálgæsla“ mjög dýrmætt því það fjallar um að hlúa að fólki og fjölskyldum í fjölbreyttum aðstæðum. Í sálgæslunni notar kirkjan kristinn mannskilning og einnig skilning á fræðum nútímans, fjölskyldu-, meðferðar- og áfallafræðum. Sálgæslan er líka hugtak sem virðir ólíkar lífsskoðanir fólks og hvar það er statt með sína tilvistarmynd.